


# Handbók fyrir fagaðila

# Samhæfingarteyma

Útgefið 17. desember 2025. Útgáfa 1.0

Ábyrgð: Endurhæfingarsvið TR



# Efnisyfirlit


|                                                   |    |
|---------------------------------------------------|----|
| Markmið .....                                     | 3  |
| Svæði og samsetning.....                          | 3  |
| Þjónustuaðilar .....                              | 4  |
| Upplýsingar um úrræði .....                       | 4  |
| Hvenær er máli vísað til samhæfingarteyma? .....  | 5  |
| Hugtök .....                                      | 6  |
| Teymisstjóri .....                                | 6  |
| Fulltrúi í teymi .....                            | 6  |
| Sérfræðingur .....                                | 7  |
| Viðmót samhæfingarteyma.....                      | 7  |
| Máli vísað til samhæfingarteyma .....             | 8  |
| Skráning í viðmót samhæfingarteyma.....           | 9  |
| Stofnun fundar .....                              | 15 |
| Niðurstöður samhæfingarteyma og eftirfylgni ..... | 19 |
| Upplýsingaskylda gagnvart einstaklingi.....       | 20 |
| Verklag samhæfingarteyma - Yfirlitsmynd .....     | 22 |

## Markmið

Markmið samhæfingarteymanna er að stuðla að því að einstaklingar, sem þurfa á meðferð eða endurhæfingu að halda, fái rétta þjónustu á réttum tíma, samfelli í framfærslu og heildstæða nálgun í endurhæfingu sem miðast við þarfir hvers og eins. Sérstaklega er lögð áhersla á þá sem þurfa þjónustu frá fleiri en einum aðila á sama tíma og þá sem glíma við fjölþættan vanda.

## Svæði og samsetning

Samhæfingarteymin eru sex talsins og svæðisbundin, þau eru tvö á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík og Kraginn), eitt á Vesturlandi (Vesturland og Vestfirðir), eitt á Norðurlandi, eitt á Austurlandi og eitt á Suðurlandi (Suðurland og Suðurnes).



Hvert samhæfingarteymi er skipað tveimur fulltrúum þjónustuaðila frá hverju þjónustusvæði innan viðkomandi teymissvæðis, auk tveggja varamanna. Fulltrúar þjónustuaðilanna eiga að vera starfsmenn í nærþjónustu þess landsvæðis sem viðkomandi samhæfingarteymi starfar á. Fulltrúarnir þurfa að búa að þekkingu og reynslu af málaflokknum og sinna faglegri þjónustu innan síns þjónustuaðila. Þátttaka í samhæfingarteymum er hluti af starfsskyldum viðkomandi sérfræðinga.

## Þjónustuaðilar

Eru tilgreindir fagaðilar sem starfa á grundvelli laga við að veita þjónustu í tengslum við endurhæfingu og mynda kerfisbundna heild á landsvísu eða einn fagaðili sem veitir þjónustu á landsvísu. Þjónustuaðilar hafa skrifað undir samning um formlegt samstarf vegna sameiginlegrar ábyrgðar á þjónustu við einstaklinga á meðan á meðferð eða endurhæfingu stendur. Þjónustuaðilar eru:

- Tryggingastofnun
- VIRK - starfsendurhæfingarsjóður (Virk).
- Félagsþjónustur sveitarfélaga.
- Vinnumálastofnun (VMST).
- Heilbrigðisstofnanir.

## Upplýsingar um úrræði

Samhæfingarteymin þurfa að hafa yfirsýn yfir möguleg úrræði á sínum svæðum ásamt því að halda utan um tölfræði um bið í úrræði eða tilvik um úrræðaleysi. Þá er eitt af hlutverkum þeirra að greina hvar þjónustubörfín er mest og draga fram þörf fyrir uppbyggingu nýrra úrræða.

## Hvenær er máli vísað til samhæfingarteyma?


Máli er vísað til samhæfingarteyma þegar framvinda endurhæfingar einstaklings hefur staðnað og óljóst er hver næstu skref einstaklings verða hjá sínum þjónustuaðila.

Mismunandi ástæður geta verið fyrir því að máli er vísað til samhæfingarteyma, svo sem:

- Meðferð hjá þjónustuaðila er fullreynd.
- Höfnun hefur orðið á þjónustu.
- Óljóst er hvaða þjónustuaðili getur komið að endurhæfingu.
- Einstaklingi hefur verið synjað um örorku.
- Úrræði er ekki til staðar.

Ef augljóst er að mál einstaklings væri betur komið hjá öðrum þjónustuaðila er máli vísað beint þangað án aðkomu samhæfingarteymis.

## Dæmi um feril þegar sérfræðingur metur þörf á aðkomu samhæfingarteymis:



## Hugtök

### Teymisstjóri

Teymisstjóri samhæfingarteymis er starfsmaður hjá TR. Teymisstjórar boða til funda í teyminu, undirbúa teymisfundi, annast skráningu mála í málaskrá auk þess að stýra fundum og halda utan um fundargerðir.

### Fulltrúi í teymi

Sérstaklega skipaðir fulltrúar frá hverjum þjónustuaðila (VIRK, Vinnumálastofnun, félagsþjónustur sveitarfélaga og heilbrigðisstofnanir) ásamt TR. Fulltrúar þurfa að hafa reynslu og þekkingu á málaflokknum. Þátttaka í teymunum er hluti af starfsskyldum viðkomandi sérfræðinga. Fulltrúi hefur heimild til þess að vísa máli til samhæfingarteymis.

## Sérfræðingur

Er sérfræðingur sem starfar hjá þjónustuaðila og veitir þjónustu í tengslum við endurhæfingu. Sérfræðingar eru þeir sem þjónusta viðkomandi einstakling en eru þó ekki fulltrúar í samhæfingarteymi. Sérfræðingur hefur heimild til þess að senda mál einstaklinga til umfjöllunar á fund hjá samhæfingarteymi með því að senda ósk þess efnis inn til teymisstjóra viðkomandi samhæfingarteymis í gegnum viðmót samhæfingarteyma.


## Viðmót samhæfingarteyma

Í sérstöku viðmóti samhæfingarteyma verður haldið utan um öll mál sem fara fyrir fund hjá samhæfingarteymum. Upplýsingar um starf samhæfingarteyma, svo sem vísun mála til teyma, dagskrá funda, fyrirtöku og niðurstöðu mála, eru varðveittar í skráum í gagnagrunnum Tryggingastofnunar og gerðar aðgengilegar viðeigandi samhæfingarteymi í viðmótinu.

Sérfræðingar og fulltrúar geta skráð sig inn í viðmótið í gegnum Ísland.is með rafrænum skilríkjum á samhæfingarteymi.tr.is.

*Tenging viðmóts samhæfingarteymanna við þjónustugátt:*


## Viðmót samhæfingarteyma í Þjónustugátt



# Máli vísað til samhæfingarteyma

Gert er ráð fyrir þrenns konar aðgangi inn í viðmót samhæfingarteyma með mismunandi heimildum:

*Þrenns konar aðgangur inn í viðmót samhæfingarteymis:*



1. **Sérfræðingur** getur skráð beiðni um að mál einstaklings verði tekið fyrir á fundi samhæfingarteymis. Sérfræðingur getur tekið þátt í umræðum á fundi samhæfingarteymis um sín mál með fjarfundarbúnaði. Sérfræðingur getur skoðað stöðu sinna mála í viðmótinu.

Viðkomandi þarf að óska eftir aðgangi að *viðmóti samhæfingarteyma* í þjónustugáttinni hjá sínum þjónustuaðila. Þjónustuaðili upplýsir TR um hvaða sérfræðingar eigi að hafa heimild til að vísa málum til samhæfingarteyma.

2. **Fulltrúi** í samhæfingarteymi hefur aðgang að málum síns samhæfingarteymis í viðmótinu og heimild til að vísa máli til samhæfingarteyma. Fulltrúi situr fundi teymis.



3. **Teymisstjóri TR** hefur fullan aðgang að öllum málum síns samhæfingarteymis og fer yfir og samþykkir mál inn á fund. Teymisstjóri situr alla fundi og skráir ákvörðun í fundargerð í viðmóti samhæfingarteymis. Teymisstjóri heldur utan um afgreiðslu mála úr málaskrá.


Teymisstjóri skráir mál inn á fundi eftir þeirri röð sem þau berast og sendir fundarboð á fulltrúa í teyminum.

## Skráning í viðmót samhæfingarteyma

Í upphafi skráir viðkomandi sérfræðingur / fulltrúi sig inn á viðmót samhæfingarteyma í gegnum samhæfingarteymi.tr.is. Þar þarf að auðkenna sig með rafrænum skilríkjum.

Í viðmótinu birtist þessi mynd:

### *Beiðni skráð um að mál sé tekið fyrir á fundi:*



The screenshot shows the 'Samhæfingarteymi' web application interface. At the top, there is a search bar with the text 'Einstaklingur' and a placeholder 'Skiðu inn nafn eða kennitölu...'. To the right of the search bar is a button labeled '+ Bæta við málum á fund'. In the top right corner, there is a red box highlighting a button labeled '+ Stofna nýtt mál'. Below the search bar is a table with the following columns: 'Einstaklingur', 'Málanúmer', 'Ábyrgðaraðili', 'Teymi', 'Dags. beiðni', 'Staða', and 'Aðgerð'. The table contains several rows of data, including cases for 'Gervimaður Færeyjar', 'Gervimaður Danmörk', 'Gervimaður Evrópa', 'Gervimaður Afríka', 'Gervimaður útlönd', and 'Gervimaður Ameríka'.

| Einstaklingur                                             | Málanúmer  | Ábyrgðaraðili             | Teymi      | Dags. beiðni | Staða        | Aðgerð |
|-----------------------------------------------------------|------------|---------------------------|------------|--------------|--------------|--------|
| 010130-2399 / Gervimaður Færeyjar                         | 1131801662 | Tryggingastofnun ríkisins | Test teymi | 04.09.2025   | Máli lokið   |        |
| <input type="checkbox"/> 010130-2479 / Gervimaður Danmörk | 1739644658 | Tryggingastofnun ríkisins | Test teymi | 04.09.2025   | Skráð á fund |        |
| 010130-2719 / Gervimaður Evrópa                           | 2131600946 | Tryggingastofnun ríkisins | Test teymi | 04.09.2025   | Drög         |        |
| 010130-3019 / Gervimaður Afríka                           | 2102562205 | Tryggingastofnun ríkisins | Test teymi | 04.09.2025   | Drög         |        |
| 010130-7789 / Gervimaður útlönd                           | 1367765313 | Tryggingastofnun ríkisins | Test teymi | 05.09.2025   | Drög         |        |
| 010130-2989 / Gervimaður Ameríka                          | 1056877353 | Tryggingastofnun ríkisins | Test teymi | 04.09.2025   | Drög         |        |

Til þess að skrá nýtt mál er smelt á hnappinn "Stofna nýtt mál".

Skráningargluggi opnast þar sem kennitala einstaklings, sem senda á fyrir fund, er slegin inn:

17. desember 2025

*Til þess að skrá nýtt mál þarf að byrja á því að slá inn kennitölu einstaklings:*

## Stofna nýtt mál

(Esc) ✕

### Nýtt mál

Sláðu inn kennitölu einstaklings og veldu hvaða samþæfingarteymi fer með málið. Í næstu skrefum fyllir þú inn frekari upplýsingar.



Vesturland og Vestfirðir

Hætta við

Stofna mál

Um leið og kennitala einstaklings er slegin inn birtast persónuupplýsingar viðkomandi samkvæmt Þjóðskrá. Viðeigandi samþæfingarteymi birtist í fellilista en í þessu tilfelli á þetta mál að fara fyrir teymi Vesturlands / Vestfjarða.

*Grunnupplýsingar einstaklings birtast en velja þarf viðeigandi teymi:*

## Stofna nýtt mál

(Esc) ✕

### Nýtt mál

Sláðu inn kennitölu einstaklings og veldu hvaða samhæfingarteymi fer með málið. Í næstu skrefum fyllir þú inn frekari upplýsingar.

Kennitala einstaklings \*

010130-2399



Samhæfingarteymi \*

Vesturland og Vestfirðir



### Grunnupplýsingar einstaklings frá Þjóðskrá

Fullt nafn

Gervimaður Færeyjar

Heimilisfang

Færeyjar

☒ Ég hef upplýst einstakling (Gervimaður Færeyjar) um að máli hans verði vísað til samhæfingarteymis.

Hætta við


Stofna mál

Áður en hægt er að halda áfram þarf að haka við að einstaklingurinn hafi verið upplýstur um að máli hans verði vísað til samhæfingarteymis.

Þegar smellt er á "Stofna mál" birtist eftirfarandi mynd:

*Búið er að stofna mál fyrir einstaklings, grunnupplýsingar og yfirlit sést.*

 Gervimaður Færeysjar  Dreg

Loka glugga  Eyða  Vista 

**Grunnupplýsingar einstaklings samkvæmt Þjóðskrá** 

Einstaklingur  
Gervimaður Færeysjar / 010130-2399

Heimili  
Færeysjar, Færeysjar

Sími  
6661234

Fæðingardagur  
01.01.1930 

Ríkisfang  
DK

Netfang  
test@test.com

**Málaupplýsingar** 

Málanúmer  
1575093950

Mál stofnað  
10.09.2025

Þjónustuaðili  
Tryggingastofnun ríkisins

Umsjónaraðili  
Sigrún Edda Jónsdóttir

Samhæfingarteymi  
Vesturland og Vestfirðir

**Samantekt um einstakling** 

Þú getur sótt staðlað eyðublað sem er fyllt út utan kerfis.



 Eftir að þú hefur sótt skjalið geturðu fyllt það út og vistað á þinni tölvu. Kerfið geymir ekki þær upplýsingar sem þú skrifar í skjalið.

Þá birtist yfirlit um einstaklinginn, upplýsingar um þjónustuaðila og sérfræðing sem skráir málið, dagsetning beiðni og fyrir hvaða samhæfingarteymi málið á að fara.

Á síðunni er hægt að sækja PDF-skjal sem heitir *Samantekt um þjónustuþega*. Hægt er að hlaða skjalinu niður og vista hjá sérfræðingi. Það skjal skal fyllt í hvert skipti sem einstakling er vísað til samhæfingarteymis.

*PDF-skjalið Samantekt um þjónustuaðila:*

## Samantekt um þjónustuþega

|                    |                             |
|--------------------|-----------------------------|
| Þjónustuþegi       | Kennitala                   |
| Ábyrgðaraðili máls | Umsjónaraðili endurhæfingar |

Heilsufarsvandi

Félagssaga

Staðfesting greiningar (fötlun, sjúkdómur)

Vinnusaga

Fyrri endurhæfing

Staða endurhæfingar í dag

Áhugahvöt gagnvart endurkomu á vinnumarkaði

Hve mörgum mánuðum lokið á endurhæfingu

Ástæða beiðni

Annað sem þarf að koma fram

Fylla þarf inn ástæðu þess að mál einstaklings er sent fyrir fund samhæfingarteymis. Samhæfingarteymin styðjast svo við samantektina þegar málið er tekið fyrir.

## Yfirlit einstaklings sýnir þau skjöl sem hægt er að nálgast í gegnum þjónustugátt:

Samantekt um einstakling

Þú getur sótt staðlað eyðublað sem er fyllt út utan kerfis.

Samantekt um þjónustupega (PDF)

Eftir að þú hefur sótt skjalið geturðu fyllt það út og vistað á þinni tölvu. Kerfið geymir ekki þær upplýsingar sem þú skrifar í skjalið.

Yfirlit einstaklings

|                                   | Tegund | Þjónustuaðili       | Gildistími              | Stofnað    |                            |
|-----------------------------------|--------|---------------------|-------------------------|------------|----------------------------|
| Endurhæfingaráætlun               | Skjal  | VIRK                | 02.09.2026 – 02.09.2026 | 02.09.2025 | <a href="#">Opna skjal</a> |
| Staðfesting á bið eftir úrræði    | Skjal  | VIRK                | 28.02.2026 – 28.02.2026 | 02.09.2025 | <a href="#">Opna skjal</a> |
| Vottorð um sjúkra og endurhæfingu | Skjal  | Saga - Vottorðagátt | 29.08.2025 –            | 29.08.2025 | <a href="#">Opna skjal</a> |

Neðst á síðunni birtist yfirlit einstaklings þar sem fram kemur hvaða skjöl eru til um einstakling sem hægt er að nálgast gegnum þjónustugáttina. Óþarfi er að skrá inn í samantektina þær upplýsingar sem hægt er að sækja í gegnum þjónustugáttina nema þær allra mikilvægustu. Aðalatriðið er að ástæðan fyrir því að verið er að senda mál einstaklings fyrir samhæfingarteymis komi fram.

Samantektin er lögð fram á fundi teymis af sérfræðingi sem getur fylgt sínu máli eftir eða af fulltrúa viðkomandi þjónustuaðila á fundinum sem fylgir þá málinu eftir. Fulltrúi þjónustuaðila metur það í samráði við teymisstjóra hvort kalla þurfi sérfræðing inn á fund teymis.

Að þessu loknu er smellt á "Óska eftir fyrirtöku" og beiðnin skráist inn á borð teymisstjóra. Teymisstjóri sér um að skrá málið fyrir fund.

*Beiðni um fyrirtöku máls er send til teymisstjóra:*

Gervimaður Færeyjar

Drög

Loka glugga

Eyða

Vista

Óska eftir fyrirtöku

Grunnupplýsingar einstaklings samkvæmt Þjóðskrá

Einstaklingur  
Gervimaður Færeyjar / 010130-2399

Heimili  
Færeyjar, Færeyjar

Sími  
6661234

Fæðingardagur  
01.01.1930

Ríkisfang  
DK

Netfang  
test@test.com

## Stofnun fundar

Teymistjóri velur mál inn á fund samhæfingarteyma eftir tímaröð og er miðað við hvenær þau eru skráð í viðmótið. Teymistjóri hefur þó heimild til að samþykkja ekki fyrirtöku máls. Teymistjóri boðar til funda í samráði við fulltrúa í teyllum. Dagskrá funda verður aðgengileg í viðmótinu þegar hann hefur verið stofnaður.

*Teymistjóri stofnar fund og skráir mál á fundinn:*

Fundur Samhæfingarteymi

Stofna nýjan fund

Fundir á Dagskrá

| Fundanúmer        | Mál á dagskrá | Teymi                    | Dagsetning fundar | Tími  | Staða | Aðgerð |
|-------------------|---------------|--------------------------|-------------------|-------|-------|--------|
| Fundur.1838590703 | 1 mál         | Vesturland og Vestfirðir | 07.08.2025        | 10:00 | Lokið |        |
| Fundur.1958175404 | 0 mál         | Vesturland og Vestfirðir | 13.08.2025        | 10:00 | Lokið |        |
| Fundur.1873347438 | 1 mál         | Vesturland og Vestfirðir | 14.08.2025        | 11:00 | Lokið |        |

Að minnsta kosti einn fulltrúi samhæfingarteymis frá öllum þjónustuaðilum á að mæta á fundi en boða má sérfræðinga, sem eiga mál fyrir fundinum, ef þurfa þykir til að fylgja eftir máli einstaklings. Þeir taka þó einungis þátt í umræðum um þeirra mál.

*Viðeigandi dagsetning og tímasetning er valin:*

## Stofna nýjan fund

(Esc) ✕

### Nýr fundur

Veldu upplýsingar til að stofna nýjan fund. Hafi einhver mál verið valin þá birtast þau að neðan og færast í fundinn eftir stofnun en einnig er hægt að bæta inn málum síðar. Fundarboð sendist ekki á samhæfingarteymi.

Samhæfingarteymi \*  
Vesturland og Vestfirðir

Dagsetning \*  
17.09.2025


Tími \*  
14:00

Hætta við

Stofna fund

Teymisstjóri sendir fundarhlekk til þeirra sem sitja eiga fundinn og þar geta þeir séð þau mál sem eru á dagskrá og kynnt sér fyrir fund.

*Teymisstjóri afritar fundarhlekk og sendir til fulltrúa í teymi:*





## Vinnuborð samhæfingarteyma:

 **Fundir** Samhæfingarteymi

Tilbaka í fundardagskrá **Ljúka fundi**

Reykjavík Fundur 00.00.2025 | 15:00

Skoða fundargerð Afrita fundarhlekk

| Þjónustuþegar (3)                                                                                                                                                                                                | Í umræðu                                                                                                                   | Í bið                                                                                                                   | Afgreitt (1)                                                                                                                                                                                                  |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <div><div>Þjónustuþegi</div><div>Sigurður Magnús Hallgrímsson</div><div>010280-1239</div></div> <div><div>Ábyrgðaraðili</div><div>Heilsugæslan Hlíðum</div><div>Beiðni móttekin</div><div>16.12.2024</div></div> | <div></div> <div>Engin mál í umræðu</div> | <div></div> <div>Engin mál í bið</div> | <div><div>Þjónustuþegi</div><div>Sigurður Guðbjartsson</div><div>000000-1239</div></div> <div><div>Ábyrgðaraðili</div><div>Heilsugæslan Grafarvogi</div><div>Beiðni móttekið</div><div>18.12.2024</div></div> |
| <div><div>Þjónustuþegi</div><div>Jónas Jónsson</div><div>230585-3309</div></div> <div><div>Ábyrgðaraðili</div><div>Vinnumálastofnun</div><div>Beiðni móttekið</div><div>17.12.2024</div></div>                   |                                                                                                                            |                                                                                                                         |                                                                                                                                                                                                               |

Svona lítur vinnuborð samhæfingarteymis á fundi út. Þar má sjá hvaða mál eru á dagskrá og hvaða þjónustuaðili sendi inn hvert mál. Þar er hægt að sjá mál í umræðu, mál sem hugsanlega eru í bið milli funda og svo þau mál sem hafa verið afgreidd.

## Fundargerð máls:



Fundur 00.00.2025

4 Mál á dagskrá





Samhæfingarteymi



Dagsetning fundar

Reykjavík

00.00.2025 | 15:00

Fundargerð

Samhæfingarteymi

☒

Auðbjörg Ingvarsdóttir

TR

☒

Auðbjörg Ingvarsdóttir

Nafn á stofnun

☒

Auðbjörg Ingvarsdóttir

Nafn á stofnun

☒

Svanbjörg Berg Sigmarsdó...

Nafn á stofnun

☒

Jenný Sigurðardóttir

Nafn á stofnun

☒

Auðbjörg Ingvarsdóttir

Nafn á stofnun

☒

Auðbjörg Ingvarsdóttir

Nafn á stofnun

☒

Helga Sól

Nafn á stofnun

☒

Sigríður Jónsdóttir

Nafn á stofnun

☒

Auðbjörg Ingvarsdóttir

Nafn á stofnun

☒

Auðbjörg Ingvarsdóttir

Nafn á stofnun



Bæta við aðila

Umræður fundar

Málsnúmer 12345

Niðurstaða

Lorem ipsum dolor sit amet consectetur. Suspendisse tellus eu tempor et vestibulum lectus quis. Interdum metus pharetra sit molestie. Non ultrices vel tincidunt felis a non. Lacus dictum amet elit laoreet magna fusce pretium. Dolor eu nisi felis pulvinar suspendisse. Et eget proin aliquam mollis. Eu ullamcorper etiam vitae vitae arcu morbi et ullamcorper. Ac dignissim purus lacus egestas ut et. Etiam vitae hendrerit sapien a venenatis arcu. Quis est mattis morbi massa urna. Velit fusce massa phasellus dictum sollicitudin malesuada. Sem quis.

Aðgerð

Lorem ipsum dolor sit amet consectetur. Egestas pharetra pharetra aenean nascetur dolor viverra in aliquet amet. Risus mauris nunc volutpat dolor vitae enim mi. Quis interdum eget purus pretium. Eit arcu libero arcu egestas. Mi elementum in dictum tempor ultrices. Vulputate auctor egestas posuere vestibulum sit aenean ornare ut enim. Dui varius sit amet tincidunt condimentum condimentum amet.

Málsnúmer 12346

Niðurstaða

Lorem ipsum dolor sit amet consectetur. Suspendisse tellus eu tempor et vestibulum lectus quis. Interdum metus pharetra sit molestie. Non ultrices vel tincidunt felis a non. Lacus dictum amet elit laoreet magna fusce pretium. Dolor eu nisi felis pulvinar suspendisse. Et eget proin aliquam mollis. Eu ullamcorper etiam vitae vitae arcu morbi et ullamcorper. Ac dignissim purus lacus egestas ut et. Etiam vitae hendrerit sapien a venenatis arcu. Quis est mattis morbi massa urna. Velit fusce massa phasellus dictum sollicitudin malesuada. Sem quis.

Við lok fundar verður til niðurstaða í málinu sem geymd er í fundargerð. Þar kemur fram niðurstaða fundar og til hvaða aðgerða þarf að grípa eftir fund til að fylgja eftir niðurstöðu. Fundargerðin verður geymd í viðmóti samhæfingarteyma.

17. desember 2025

# Niðurstöður samhæfingarteyma og eftirfylgni

Niðurstöður í málum einstaklinga sem tekin eru fyrir hjá samhæfingarteymi geta til dæmis verið eftirfarandi:

- Annar þjónustuaðili sér möguleika á áframhaldandi endurhæfingu hjá sér og tekur við ábyrgð endurhæfingar hjá viðkomandi einstaklingi.
- Þjónustuaðilar sjá möguleika á að geta í sameiningu séð um endurhæfingu, þá tekur sá ábyrgð á endurhæfingu sem er í mestum samskiptum við einstakling.
- Endurhæfing er talin fullreynd og viðkomandi er vísað í samþætt sérfræðimat.
- Ekkert augljóst þjónustuúrræði er í boði og viðkomandi einstaklingur verður áfram hjá sama þjónustuaðila og áður.

Sá sem sendir mál inn á fund samhæfingarteymis, sérfræðingur eða fulltrúi, upplýsir einstakling um ákvörðun síns þjónustuaðila í kjölfar fundar. Ef ábyrgð á endurhæfingu færist til annars þjónustuaðila tekur viðkomandi við máli einstaklings og sá þjónustuaðili upplýsir viðkomandi um að málið sé komið í vinnslu þar. Fulltrúi þess þjónustuaðila sem tekur við endurhæfingu einstaklings skráir mál afgreitt í viðmóti samhæfingarteymis þegar viðkomandi er kominn í þjónustu hjá þeim.

Ef niðurstaðan er sú að ekki séu til staðar önnur úrræði fyrir viðkomandi einstakling er sá þjónustuaðili sem vísaði máli til samhæfingarteymis áfram ábyrgur fyrir endurhæfingu einstaklingsins.

Ef niðurstaða fundar er sú að ekki er talinn möguleiki á frekari endurhæfingu gæti viðkomandi verið vísað í samþætt sérfræðimat hjá TR.

Teymisstjóri fylgist með því að málum sé lokið í viðmóti samhæfingarteyma og hnippir í viðkomandi þjónustuaðila ef mál hefur ekki færst yfir í samræmi við niðurstöðu fundar.

## Upplýsingaskylda gagnvart einstaklingi


Nauðsynlegt er að upplýsa einstaklinga um mögulega eða áætlaða aðkomu samhæfingarteymis, bæði í upphafi máls þegar viðkomandi hefur þjónustu og þegar ætlunin er að vísa máli til samhæfingarteymis.

Einstaklingur þarf að vera upplýstur um hvað það felur í sér að máli hans sé vísað til samhæfingarteymis. Sérfræðingur þjónustuaðila sem vísar máli til samhæfingarteymis þarf að upplýsa einstakling um áætlaða aðkomu samhæfingarteymis. Sérfræðingar sem starfa hjá þjónustuaðilum vinna eftir persónuverndarlögum varðandi vinnslu persónuupplýsinga þegar þeir miðla viðkvæmum upplýsingum. Einstaklingur þarf að vera upplýstur um hverjir koma að máli hans á fundum samhæfingarteymis, þ.e. fulltrúar hvaða þjónustuaðila.

Einstaklingur þarf ekki að veita skriflegt samþykki fyrir því að máli hans sé vísað til samhæfingarteymis en getur alltaf hafnað því að máli hans sé tekið fyrir á fundi teymis.

Þjónustuaðilum er í sjálfsvald sett með hvaða hætti þeir upplýsa einstakling um mögulega aðkomu samhæfingarteymis. Æskilegt er þó að samræmi sé í upplýsingagjöf milli þjónustuaðila.

*Þessi yfirlitsmynd sýnir upplýsingaskyldu þjónustuaðila gagnvart einstaklingi:*



Samhæfingarteymi taka ekki stjórnvaldsákvörðanir í skilningi stjórn-sýslulaga heldur er það þjónustuaðili sem tekur ákvörðanir um veitingu þjónustu.

# Verklag samhæfingarteyma - Yfirlitsmynd

Að lokum er hér yfirlitsmynd sem sýnir verklag samhæfingarteyma.

